

Fundargerð háskólaráðs
384. fundur fimmtudaginn 22.06.2017
Borgir 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:33.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Forföll boðuðu:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Edward Huijbens varafulltrúi háskólasamfélagsins
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Stefán Jóhannsson forstöðumaður nemendaskrár

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 383. fundar

1706004

Fundargerð 383. fundar samþykkt án athugasemda.

2. Rekstur

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri kom á fundinn og fór yfir rekstraryfirlit janúar til maí. Rekstur skólans í heild sinni er á áætlun en þó eru fræðasviðin yfir áætlun sem kemur til vegna kennsluyfirvinnu sem ekki var áætlað fyrir. Ólafur vakti athygli á því að framundan eru launahækkanir og því hefði reksturinn þurft að vera undir áætlun til að bregðast við því en launahækkanir voru þó inni í rekstraráætlun ársins. Það þarf því áfram að gæta aðhalds í rekstri svo unnt sé að skila rekstrinum í jafnvægi í lok ársins.

3. Umsóknartölur fyrir skólaárið 2017-2018

Ólafur Halldórsson og Stefán Jóhannsson sátu 3. og 4. lið fundarins.

Metfjöldi umsókna er um nám við skólann fyrir næsta skólaár og nú stefnir í að þakið fyrir nemendafjölda sem skilgreint hefur verið í 2500 nemendum náist mun fyrr en áætlað hefur verið. Undanfarin ár hefur nemendum við skólann fjölgað verulega og þó mismunandi sé hver aðsóknin er í einstakar námsbrautir þá eru sumar námsbrautir að verða yfirfullar og gæti farið að koma að því að skoða þurfi aðgangstakmarkanir.

4. Hugsanlegur fjöldi nýnema 2018-2019 – Aðgangstakmarkanir?

Í samræmi við það sem kemur fram að framan velti rektor því upp hver afstaða háskólaráðs væri til þess möguleika að takmarka aðgang að ákveðnum námsbrautum. Það er ljóst að ef stjórnvöld setja ekki meira fjármagn í háskólana til að koma til móts við aukinn nemendafjölda þá þarf að fækka nemendum.

Rektor spyr með hvaða hætti háskólaráðsfulltrúar sjái fyrir sér almennar aðgangstakmarkanir? Hvernig ætti að skilgreina og framkvæma slíkar aðgerðir?

Það eru margar aðferðir við val á umsóknum og takmarkanir á aðgangi.

Þetta er umræða sem mun fara fram næstu mánuðina. Þann 15. október n.k. munu liggja fyrir tölur fyrir nemendafjöldann á haustmisseri. Ef ætlunin er að fara í aðgangstakmarkanir þurfa þær hugmyndir og tillögur að liggja fyrir í desember/janúar.

Árið 2018-2019 koma inn tvöfaldir árgangar í háskólana vegna styttingar framhaldsskólanna og það liggur fyrir að stjórnvöld munu ekki leggja aukafjármagn í háskólana vegna þessa.

Ólafur vakti athygli á því að 60% af nemendum skólans eru fjarnemendur og skólinn fær lítið aukafjármagn og alls ekki tryggt aukafjármagn frá stjórnvöldum til að standa straum af þeim aukakostnaði sem fylgir því að vera framarlega í sveigjanlegum og rafrænum kennsluháttum.

Rektor óskar eftir því að háskólaráðsfulltrúar velti fyrir sér þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og leggi fram hugmyndir að hvernig marka eigi stefnu um aðgangstakmarkanir. Forstöðumaður nemendaskrár mun senda ýmsar tölulegar upplýsingar um nemendafjölda s.l. ár til glöggvunar fyrir háskólaráðsfulltrúa.

Ólafur og Stefán yfirlögðu fundinn.

5. Ársfundur Háskólans á Akureyri

Rektor sagði frá ársfundi Háskólans á Akureyri sem haldinn var fimmtudaginn 15. júní s.l. Fundurinn gekk vel og var góð mæting. Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri var meðal þeirra sem hélt erindi á fundinum og talaði um mikilvægi samstarfsins á milli stofnanna. Rektor benti háskólaráðsfulltrúum á ársskýrslu skólans, sem aðgengileg er á heimasíðu skólans.

6. Framgangur 2017

Rektor greindi frá veitingu framgangs akademískra starfsmanna á árinu 2017. Eftirfarandi starfsmenn fá framgang frá og með 1. júlí 2017:

- Hermína Gunnþórsdóttir fær framgang í stöðu dósents í menntunarfræði við kennaradeild.
- Margrét Hrönn Svavarsdóttir fær framgang í stöðu dósents í hjúkrunarfræði við hjúkrunarfræðideild
- Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir fær framgang í stöðu dósents í geðhjúkrunarfræði. Um er að ræða ólaunaða stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs.

7. Doktorsnámsúmsókn – staðan

Ákvörðunin er enn í höndum menntamálaráðherra og liggur ekki fyrir og mun ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi í ágúst.

8. Aukarannsóknamisseri 2018

Ekki liggur fyrir niðurstaða sviðsforseta og rektors um veitingu aukarannsóknamissera fyrir doktorsnema/nýdoktora á árinu 2018. Málinu er því frestað til næsta fundar.

9. Starfsemi háskólaráðs HA

Rektor fór í stuttu máli yfir verkefni háskólaráðs 2015-2017 til glöggvunar fyrir nýja fulltrúa um hver helstu verkefni háskólaráðs HA eru. Rektor er formaður ráðsins og starfar í umboði þess á milli funda.

10. Önnur mál

• Háskólasetur Austfjarða

Rektor kynnti tillögur sem fram eru komnar um hugsanlega stofnun Háskólaseturs á Austfjörðum/Austurlandi. Fyrir liggur að skrifa undir samstarfsyfirlýsingu um menntamál og af því mun leiða stofnun verkefnastjórnar til tveggja ára sem myndi undirbúa stofnun Háskólaseturs.

Háskólaráð samþykkir að Háskólinn á Akureyri styðji við verkefnið og skrifi undir samstarfsyfirlýsingu um menntamál, með því skilyrði að fulltrúi Menntaskólans á Egilsstöðum eigi fulltrúa í verkefnastjórninni á sama hátt og Verkmenntaskóli Austurlands. Mikilvægt er að báðir menntaskólarnir séu hluti af verkefninu frá upphafi. Rektor eða annar fulltrúi sem hann velur mun verða fulltrúi Háskólans á Akureyri í verkefnastjórninni.

- **Endurskoðun jafnréttisáætlunar**

Fyrir liggur endurskoðuð jafnréttisáætlun HA, sem mun gilda út árið 2020. Ekki er um grundvallarbreytingar að ræða frá þeirri áætlun sem samþykkt var í janúar 2016. Aðeins um breytingar á dagsetningum og orðalagi að ræða. Háskólaráð samþykkir áætlunina einróma.

- **Skipun framgangsnefndar**

Háskólaráð samþykkir eftirfarandi tilnefningar í framgangsnefnd HA 2017-2020:

Hermann Óskarsson, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs. Varafulltrúi hans er Árún Kr. Sigurðardóttir.

Joan Nymand Larsen, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs.

Varafulltrúi hennar er Guðmundur S. Alfreðsson.

Kristinn P. Magnússon, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs.

Varafulltrúi Grétar Þór Eyþórsson.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, tilnefnd af rektor, formaður nefndarinnar. Varafulltrúi hennar er Stefán B. Sigurðsson.

- **Graduate School við Háskólann á Akureyri**

Rektor kynnti fyrirhugaðan Graduate School við Háskólann á Akureyri, sem mun halda utan um allt framhaldsnám við háskólann og mun halda utan um þá vinnu sem framundan er við áframhaldandi undirbúning að doktorsnámi. Stefán B. Sigurðsson fyrrverandi rektor HA mun veita þessu verkefni forstöðu næsta árið og mun verða starfsmaður rektorsskrifstofu.

- **Kínaferð rektors**

Rektor sagði frá heimsókn sinni til Kína með sendinefnd frá Akureyrarbæ í maí en farið var til Shanghæ og Dalían. Rektor notaði tækifærið og heimsótti samstarfsskóla HA á þessum stöðum (Dalian Ocean University og Shanghai Ocean University).

Næsti fundur háskólaráðs er fimmtudaginn 17. ágúst 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:02.